

Leirvogsa

Rannsókn á seiðabúskap 2016

Samantekt

Alls veiddust 324 laxar og 50 sjóbirtingar. Seiðapéttleiki er sá mesti sem mælst hefur. Lítið vatnsrennsli á athugunartíma sem veldur samþjöppun og meiri veiðanleika skýrir þessa miklu þéttni. Mjög mikið fannst af sumargömlum seiðum, 0+. Mikið fannst af eins og tveggja ára seiðum. Hitafar að vori var hagstætt þroska seiða og sjávargöngu svo búast má við eðlilegri laxagegnd 2017. Lítið fannst af urriðaseiðum og lítið veiddist af sjóbirtingi.

Inngangur

Hitafar að vori var sambærilegt við 2014 (mynd 10) hagstætt þroska seiða og göngu þeirra til sjávar. Sumarið var þurrt og heitt og áin vatnslítill lengst af. Varla kom dropi úr lofti fyrr enn í annari viku september. Í október rigndi mikið, meira en nokkru sinni í Reykjavík.

Laxveiði byrjaði mjög vel á landsvísi en svo fór að draga úr henni vegna lítilla gangna af smálaxi. Skrifast það á óvenju kalt vor 2015.

Farið var til rannsókna í Leirvogsa 13. apríl og veitt við Varmadal í þeim tilgangi að kanna ástand seiða að vori. Þá var ekki unnt að veiða við Hrafnhóla vegna snjóskafla (mynd 9). Þangað var svo farið 14. maí. Eiginleg seiðamæling var gerð 8-9 ágúst.

Niðurstöður

Lax

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-8. Tvær athuganir eru frá í apríl og maí, þær eru sýndar í gulum lit. Veitt var í ágúst á stöðvum 4, 6, 7 og 8 í ágúst og er það hin hefðbundna seiðamæling svipað og undanfarin ár. Þetta er sýnt með bláum lit. Ekki var veitt ofan við Tröllafoss. Mjög mikið veiddist af seiðum og hefur þéttleiki laxaseiða aldrei mælst meiri. Það á sér aðallega skýringu í því að áin var mjög vatnslítill á rannsóknartíma, nokkuð sem þjappar seiðunum saman auk þess sem veiðanleiki er meiri í litlu vatni. Þá var mikill lax í ánni haustið 2015 svo hrygningarstofn var yfirdrífinn.

				Aldur									
Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	0+		1+		2+		3+		Samtals	Þéttleiki
			m ²	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		Fj/100 m
8	Varmidalur	13/4	40			3	4.4	4	6.6	1	9.0		20
5	N. Hrafnhólabrúar	14/5	40			17	4.1	4	6.4				53
4	O. Hrafnhólabrúar	9/8	20	26	3.5	9	5.9					35	175
5	N. Hrafnhólabrúar	9/8	30	45	3.5	9	5.5					54	180
6	Miðsvæði efra	9/8	25	22	3.8	9	5.4					31	124
7	Miðsvæði neðra	8/8	40	36	3.6	5	5.9	7	7.8			48	120
8	Varmidalur	8/8	50	28	3.7	5	6	4	8.9			37	74
	Samtals:		145	131	3.7	28	5.7	11	8.4			170	117
	Fj/100m ²			90		19		8					


Tafla 1. Fjöldi (Fj) og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-8 2016. Á stöðvum 5 og 8 merktum gulum lit, var veitt að vori til að kanna ástand seiða eftir veturinn. Eiginleg seiðamæling fór fram í ágúst, blálitað. Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 12.

Fjöldi 0+ seiða úr hrygningu frá í fyrra var gríðarlegur, meiri en nokkru sinni hefur mælst áður (tafla 2, mynd 2). Þetta má skýra með því að áin var óvenju vatnslítill þegar seiðin voru veidd, svo mikil samþjöppun átti sér stað og eins með því að það veiðist betur í litlu vatni. Ljóst að fjöldinn er allt of mikill, samkeppni er mikil svo og afföll. Fæðuframleiðsla hverfur á svæðum sem þorna svo framleiðsla minnkar.

Verði tekið upp á að sleppa löxum eykst þessi vandi enn.

Framleiðsla árinna mun minnka, sem þýðir minni laxagegnd.

Það er mikill misskilningur, sem oft er haldið fram, að með því að auka hrygningu til að framleiða fleiri seiði sé verið að stuðla að ræktun og aukningu laxagegndar.



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða í ágúst 2016

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49
2016	90	19	8		117

Tafla 2. Samanburður á þéttleika laxaseiða í Leirvogsa árin 2008-2016



Mynd 2. Seiði af stöð 5. Níu stóru seiðin efst til vinstri eru eins árs, lengst til hægri eru 3 urriðaseiði, afgangurinn eru 0+ seiði.

Ástand laxaseiða að vori

Farið var 13. apríl og 14 maí. Holdafar seiða var í góðu lagi, miklu betra en í fyrra, en þá voru þau mjög horuð 9. maí. Samanburður á myndum 3 og 4 frá í ár við mynd 5 frá í fyrra sýnir þetta vel.



Myndir 3 og 4. Laxaseiði frá 13. apríl og 14 maí 2016. Seiðin eru í ágætum holdum. 3 urriðaseiði neðst til hægri á neðri myndinni.

Aldur:	0+	1+	2+	3+	
Dagsetning	Meðallengdir				Staður
13. apríl 2016		4.4	6.6	9.0	Varmidalur
14. maí 2016		4.1	6.4		Hrafnhólar


Tafla 3. Meðallengdir aldursflokka (cm) laxaseiða í Leirvogsa vorið 2016.



Mynd 5. Seiði frá 9. maí 2015. Seiðin eru mjög horuð eftir langan vetur.

Urriði

Einungis veiddust 20 urriðaseiði í ágúst þar af 13 á stöð 7, sem er á neðra miðsvæði. Þetta er það minnsta sem fundist hefur hin síðari ár en 64 veiddust 2015, 87 2014 og 111 2013. Ekkert er hægt að segja til um hvað veldur þessari fækkun. Yfirleitt finnst mjög lítið af urriðaseiðum í laxveiðiám, oftast innan við 10 í venjulegri seiðaathugun. Leirvogsá hefur skorið sig úr hvað þetta varðar, þar hefur fjöldinn verið óvenju mikill.




Veiðin 2016

Alls veiddust 324 laxar og 50 sjóbirtingar. Afli árána 2006-2016 er sýndur á mynd 7.


Vikulegur afli er sýndur í töflu 4 og á mynd 8.

Dagar	Vika nr.	Laxar	Sjóbirtingar
27-30 júní	1	31	0
1-6. júlí	2	15	0
7-13. júlí	3	63	7
14-20. júlí	4	37	5
21-27. júlí	5	24	4
28. júlí-3. ágúst	6	17	4
4-10. ágúst	7	21	6
11-17. ágúst	8	11	6
18-24. ágúst	9	22	8
25-31. ágúst	10	8	1
1-7. sept.	11	19	5
8-14. sept.	12	12	4
15-21. sept.	13	44	
Samtals:		324	50



Mynd 7. Laxveiði í Leirvogsá 2006-2016

Tafla 4. Vikulegur afli í Leirvogsá 2016.



Mynd 8. Vikulegur laxaaflí í Leirvogsá 2016.




Mynd 9. Snjóskaflinn neðan Hrafnhólabrúar 13. apríl

Hitamælingar

Hiti var mældur í ánni við brúna neðan við Varmadal frá 8. apríl til loka júlí. Niðurstöður sjást á mynd 10, í töflu 5 og á mynd 11.


Hitinn að vori var hagstæður, lítið eitt lægri en 2014. Skilyrði til þroska seiða og sjávargöngu hafa því verið í góðu lagi. Seiðin voru mun betur á sig komin en í fyrra vor og eru því líkur á að laxagöngur verði í góðu meðallagi árið 2017.




Mynd 10. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2014 (rauð punktalína), 2015 (blá punktalína) og 2016 (heil svört lína).

Mánuður	Vika nr.	2014	2015	2016
Apríl	1			3.0
	2			3.3
	3	2.4		3.5
	4	4.5	1.7	3.8
Maí	1	5.9	3.2	4.7
	2	6.6	3.7	5.9
	3	6.7	4.6	6.6
	4	7.4	5.5	6.0
Júní	1	10.1	6.8	8.5
	2	11.2	6.8	10.5
	3	10.6	8.2	10.6
	4	10.8	10.1	10.4
Júlí	1	9.3	10.2	11.3
	2	10.5	10.3	11.2
	3	10.7	9.8	12.0
	4	12.0	10.2	12.6

Tafla 5. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2014, 2015 og 2016.



Mynd 11. Vatnshiti í Leirvogsá 8. apríl-1. júlí 2016



Mynd 12. Rafveiðistöðvar í Leirvogsá 2016